

Nr. 486.

846

23. ágúst 1982.

Þessarar ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1983 og skulu ákvæði 22. gr. reglugerðar nr. 169 31. ágúst 1970 halda gildi sínu til þess tíma.

Fjármálaráðuneytið, 23. ágúst 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

Nr. 487.

13. ágúst 1982.

REGLUGERÐ

um breyting á heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972.

1. gr.

210. gr. 2. tl. orðist svo:

Ef aðili sinnir ekki innan tilteknis frests fyrimælum heilbrigðisnefndar, getur hún ákveðið honum dagsektir, allt að 1 500,00 krónum, þar til úr er bætt.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. 27. gr. 4. tl. sömu laga öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. ágúst 1982.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 488.

24. ágúst 1982.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga, samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, skulu hækka um 7.5% frá og með 1. september 1982 frá því sem þær voru í ágúst 1982.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. ágúst 1982.

Svavar Gestsson.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.